



Ársskýrsla Menntaskóla Borgarfjarðar
árið 2012

Inngangur

Í ársskýrslu Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) er farið yfir helstu þætti skólastarfs á liðnu ári og hvernig til hefur tekist við að ná markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Skólaárið 2012 gekk mjög vel. Styrkur fékkst frá mennta- og menningar- málaráðuneytinu til að tilraunakenna nýjar og endurskoðaðar námsbrautir eftir nýrri aðalnámskrá. Mikil vinna var lögð í innleiðinguna á árinu. Áfram var unnið að innleiðingu gæðagreina í gæðakerfi skólans. Skólinn gerði tilraun með nemendagarða til að mæta þörfum nemenda um heimavist. Það verkefni tókst vel. Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir framvindu skólastarfsins.

Áherslur og meginsvið

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu á ákveðnum sviðum. Nemendur ljúka stúdentsprófi að jafnaði á þremur árum. Skólaárið er 184 starfsdagar nemenda. Formleg annarpróf eru ekki til staðar. Leiðsagnarmat er notað við námsmat í öllum áföngum. Nemendur fá endurgjöf á nám og vinnu á fimm vikna fresti á svokölluðum vörðum. Allir nemendur og kennarar eru með fartölvur og tengdir netinu í skólanum. Skólinn notast við opinn hugbúnað í námi og kennslu.

Nemendur

Vorönn 2012

Kennsla á vorönn hófst 17. janúar. Á önninni voru 168 nemendur, 73 drengir og 95 stúlkur. Skipting nemenda á brautir var eftirfarandi: 11 á almennri braut, 90 á félagsfræðabraut, 50 á náttúrufræðibraut, 6 á starfsbraut og 10 á grunnskólabraut. Einn nemandi stundaði viðbótarnám til stúdentsprófs. Brautskráning á vorönn fór fram 8. júní. Brautskráðir voru 40 nemendur af þremur brautum skólans. 16 nemendur voru brautskráðir af félagsfræðabraut til stúdentsprófs, 21 nemendi af náttúrufræðibraut til stúdentsprófs og tveir nemendur af starfsbraut.

Haustönn 2012

Kennsla á haustönn hófst 20. ágúst. Á önnina innrituðust 155 nemendur, 69 drengir og 86 stúlkur. Skipting nemenda á brautir var eftirfarandi: almenn braut 4, félagsfræðabraut 80, félagsfræðabraut-íþróttasvið 5, náttúrufræðibraut 36, náttúrufræðibraut-íþróttasvið 6 og náttúrufræðibraut-búfræðisvið 6. Inn á starfsbraut innrituðust 7 nemendur, á grunnskólabraut 8 og 3 í viðbótarnám til stúdentsprófs.

Nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt við skólann frá stofnun hans. Flestir nemendur skólans koma úr Borgarbyggð eða um 90%. Brottfall samkvæmt áfangalistum var að meðaltali 2,2% á árinu 2012.

Starfsfólk

Við skólann starfa 25 starfsmenn. Kennarar, skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar, námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður, stuðningsfulltrúi, matráður og húsvörður.

Nám og skóli

Helstu markmið skólasamnings

Skólinn náði markmiðum sínum um að endurskoða eineltisáætlun skólans og hækka hlutfall nemenda sem líður vel í skólanum úr 75% í 85%. Skólinn náði einnig að auka fjölbreytni í námsframboði með auknu vali á sviðum innan stúdentsprófsbrauta. Þá náðist markmið um að koma hlutfalli nemenda sem eru ánægðir með kennsluna í 75%. Unnið var að stofnun framhaldsskólabrautar. Teknir voru í notkun tveir gæðagreinar til að meta starf skólans og er þá samtals búið að innleiða níu gæðagreina í gæðakerfi skólans. Reynsla af framkvæmd og eftirfylgni er góð. Á vorönn sem og haustönn voru innleiddir gæðagreinar sem tengdust þjónustu við nemendur og skólanámskrá. Markmið skólans í rekstri stóðust vel og er rekstur skólans í góðu jafnvægi. Ekki náðist að fá Grænfánann á árinu og verður það því áfram markmið næsta árs.

Stærsta einstaka verkefni skólans var að tilraunakenna nýjar og endurskoðaðar námsbrautir. Lagt var upp með að auka sýnileika grunnþátta nýrrar menntastefnu í námi og kennslu. Auk þess að allar áfangalýsingar skólans fyrir skólaárið 2012-2013 yrðu komnar inn í námskrárgrunn ráðuneytisins um áramót. Það gekk eftir með samstilltu átaki kennara

Samningar

Á árinu var lokið við gerð þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið um kennslu skólans á framhaldsskólastigi og gerð skólasamnings þar sem kveðið er á um áherslur skólans í starfi, þjónustu og rekstri. Ekki náðist þó að undirrita samningana fyrr en í ársbyrjun 2013..

Nemendagarðar

Á vorönn var gerð tilraun með rekstur nemendagarða á vegum skólans. Sú tilraun tókst vel. Skólinn gerði saming við Farfuglaheimilið Borgarnesi um leigu á allt að 10 herbergjum handa nemendum. Auk þess leigir skólinn herbergi af fjölskyldum í Borgarnesi og endurleigir síðan nemendum.

Skólinn vann að fjölbreyttum þróunarverkefnum á árinu.

Menntaskóli Borgarfjarðar er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskólar. Markmiðið með verkefninu er að stuðla markvisst að velferð og góðri heilsu framhaldsskólanemenda. Skólinn lagði af stað með viðfangsefnið hreyfingu í upphafi árs og jafnframt var ákveðið að halda áfram með viðfangsefnið næringu. Sérstakur verkefnishópur heldur utan um verkefnið.

Menntaskóli Borgarfjarðar er aðili að evrópsku skólasamstarfsverkefni ásamt skólum í Þýskalandi, Portúgal, Tyrklandi og Hollandi. Verkefnið er styrkt af evrópskum

menntunarsjóði sem heitir Comenius en sjóðurinn styrkir fjölpjóðleg samstarfsverkefni skóla í Evrópu. Markmiðið með verkefninu er að auka skilning nemenda á fólksflutningum og menningarlegum áhrifum þeirra á samfélög. Verkefninu er ætlað að vera tæki til að hvetja til umburðarlyndis og betri samþættingar svæða sem búa við ólíkar menningarlegar aðstæður. Nemendur skiptast á heimsóknum, eignast vini af erlendum uppruna og kynnast síðum og venjum í öðrum löndum.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur sett sér það markmið að fá að flagga Grænfánanum sem er alþjóðleg viðurkenning í umhverfismálum og umhverfismennt. Skólinn er langt kominn með verkefnið.

Borgarfjarðarbrúin er samstarfsvettvangur Menntaskóla Borgarfjarðar og grunnskóla Borgarbyggðar auk þess sem Laugagerðisskóli er þátttakandi í verkefninu. Borgarfjarðarbrúin fékk styrk úr Sprotasjóði til að vinna að auknum sveigjanleika og fjölbreytni í námi, mati og kennsluháttum. Á vorönn 2012 var kennurum boðið upp á fjögur örnámskeið þar sem áhersla var lögð á notkun upplýsingatækni í kennslu.

Kennsla

Kennsla var með hefðbundnum hætti á árinu 2012. Árlegur starfstími er 184 dagar og skólaárið skiptist í tvær annir, vor- og haustönn sem hvor um sig er 92 dagar. Kennarar skólans eru vel menntaðir og fastráðnir kennarar eru allir réttindakennarar. Ákveðið var að taka innleiða nýtt kennslukerfi og var moodle tekið í notkun í janúar við annarskil. Innleiðingin gekk vel og er skólinn í samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga um vistun og þjónustu. Styrkur fékkst til að halda úti íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Skólinn bauð upp á nám á tveimur brautum til stúdentsprófs, náttúrufræðibraut og félagsfræðabraut. Nemendur geta valið um íþróttasvið á félagsfræðabraut og íþróttasvið og búfræðisvið á náttúrufræðibraut. Skólinn bauð einnig upp á almenna braut og starfsbraut.

Stjórnun

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar skipa Vífill Karlsson formaður, Hanna Kristín Þorgrímsdóttir varaformaður, Guðrún Kristjánsdóttir, Geirlaug Jóhannsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir. Sú breyting varð á árinu að Bergur Þorgeirsson hætti í stjórn og kom Sigríður Bjarnadóttir í hans stað. Skólanefnd Menntaskóla Borgarfjarðar skipa sömu einstaklingar og sitja í stjórn skólans en að auki sitja þar fulltrúi foreldra, Guðrún Elfa Hauksdóttir, fulltrúi nemenda, Lilja Hrönn Jakobsdóttir og fulltrúi kennara, Kristján G. Arngrímsson. Foreldraráð starfar við skólann og var kosin ný stjórn á haustdögum. Í dag skipa foreldráð þau Guðrún Elfa Hauksdóttir, Krístrún Jóna Jónsdóttir og Guðrún Pálmadóttir. Nemendafélag skólans skipa Lilja Hrönn Jakobsdóttir formaður, Eyrún Baldursdóttir gjaldkeri, Berglind Ýr Ingvarsdóttir ritari, Inga Berta Bergsdóttir og Pétur Freyr Sigurjónsson. Á árinu var kosið í skólaráð sem skipa auk skólameistara

og aðstoðarskólameistara, Lilja Hrönn Jakobsdóttir, Eyrún Baldursdóttir, Anna Guðmundsdóttir kennari og Ingibjörg Ingadóttir kennari.

Rekstur og fjármál

Rekstur skólans er í mjög góðu jafnvægi. Tekjur skólans á árinu 2012 stóðu vel undir rekstri. Aðstaða til náms og kennslu er mjög góð. Nýtingarhlutfall áfanga er mjög gott.

Samstarf við aðra

Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi bæði við nærsamfélagið, stofnanir og fyrirtæki. Menntaskóli Borgarfjarðar á í formlegu samstarfi við grunnskóla Borgarbyggðar og Laugagerðisskóla undir merkjum Borgarfjarðarbrúarinnar. Skólameistari MB á sæti í háskólaráði Borgarfjarðar ásamt Háskólanum á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Snorrastofu og Borgarbyggð. Um er að ræða samstarf á breiðum grunni um ýmisleg þróunarverkefni á sviði rannsókna og fræðastarfa í héraði. Menntaskóli Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóli Snæfellinga eru í samstarfi um vistun og þjónustu við kennslukerfið moodle.

Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við fyrirtæki í nærsamfélaginu um verknám nemenda á starfsbraut. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar þjónustar nemendur skólans mjög vel ásamt því sem lítið safn handbóka og fræðibóka er til í skólanum.

Borgarnesi 28. febrúar 2013

Kolfinna Jóhannesdóttir